

Borgarráð

Matsnefnd vegna undirbúnings ákvörðunar um veitingu stofnframlaga á árinu 2017

Drög að erindisbréfi matsnefndar vegna undirbúnings ákvörðunar um veitingu stofnframlaga á árinu 2017 er lagt fram til kynningar.

Greinargerð:

Hlutverk matsnefndar er að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 555/2016 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög. Gert er ráð fyrir að fyrri tillögur matsnefndar verði kynntar borgarráði eigi síðar en 15. júní nk.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi matsnefndar vegna undirbúnings á veitingu stofnframlaga á árinu 2017.

ERINDISBRÉF

Matsnefnd vegna undirbúnings á veitingu stofnframlaga á árinu 2017

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Borgarráð hefur samþykkt reglur um stofnframlög til kaupa eða byggingar á íbúðum fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkunum samkvæmt 10. grein laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Stofnframlögunum er ætlað að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir í Reykjavík á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda.

Þeir sem geta sótt um stofnframlög eru húsnæðissjálfsseignarstofnanir, lögaðilar sem eru alfarið í eigu Reykjavíkurborgar (Félagsbústaðir hf.) og þeir lögaðilar sem starfandi voru fyrir gildistöku laga um almennar íbúðir og uppfylla skilyrði laga til að fá lán frá Íbúðalánasjóði skv. þágildandi 37. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Um stofnframlögin gilda ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerð nr. 555/2016 og nýsamþykktar reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

Hlutverk matsnefndar:

Að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 555/2016 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

Starfshópin skipa:

Formaður, Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálaskrifstofu
Berglind Magnúsdóttir, velferðarsviði
Guðlaug S Sigurðardóttir, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar
Harri Ormarsson, umhverfis- og skipulagssvið

Starfsmaður:

Grétar Þór Jóhannsson, sérfræðingur á innkaupadeild fjármálaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Matsnefnd er heimilt að leita faglegrar ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins.

Starfstímabil:

Matsnefnd starfi þar til borgarráð hefur afgreitt umsóknir til Reykjavíkurborgar um stofnframlög á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að fyrri tillögur matsnefndar verði kynntar borgarráði eigi síðar en 15. júní 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson